

Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla

Haldinn í Auðarskóla 27.apríl 2026 kl.20:00

Mætt eru, Inga Heiða Halldórsdóttir, Fjóla Mikaelisd. Dagný Lára Mikaelisdóttir, Ragnheiður Pálsdóttir, Anna Pálína Jónsdóttir, Guðrún G. Halldórsd. Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir, Sunneva Hlín Skúladóttir, Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, Sigurður Bjarni Gilbertsson, Þórunn Björk Einarsdóttir, Vilhjálmur Arnórsson og Guðmundur Líndal.

Formaður setur fundinn og leggur til að Guðrún sé fundarstjóri, það er samþykkt samhljóða.

Formaður leggur til að Fjóla sé fundarritari og er það samþykkt samhljóða.

Guðrún kynnir sig stuttlega, hún er starfandi skólastjóri út þetta skóla ár og er jákvæð og spennt fyrir næstu vikum.

Skýrsla stjórnar

Formaður fer með skýrslu stjórnar. Jóhanna Lind bendir á að bekkjatenglar yngsta stigs komu að bekkjarkvöldi með kennurum með því að skaffa pizzur upp á 80.000 kr sem foreldrafélagið borgaði miðað við 4000 kr á barn sem er sú upphæð sem síðasti aðalfundur samþykkti til bekkjatengla. Samþykkt var að ritari bæti því inn í ársskýrsluna.

Skýrsla stjórnar samþykkt.

Ársreikningar

Gjaldkeri fer yfir ársreikninga. Það sem heitir “styrkur til elsta stigs 80.000 kr” er vitlaust, þetta var peningurinn fyrir bekkjatengla yngsta stigs sem héldu pizzakvöld. Vilhjálmur skoðunarmaður spyr út í reikning nemendafélagsins, bendir á að þetta gæti verið á betri ávöxtunar reikning. Einnig að það vanti skýringar við sumar millifærslur á bankayfirliti og að það sé bara nauðsynlegt að þær fylgi alltaf.

Reikningur samþykktur.

Skýrsla Skólaráðs

Dagný fer með hana sem fulltrúi foreldra í Skólaráði. Hún fer stuttlega yfir tilgang Skólaráðs. Fundað er einu sinni í mánuði og í vetur hafa þessi atriði verið tekin fyrir:

- Námsvísir leik- og grunnskóla (aðgengilegur á vef Auðarskóla)
- Innlit skólastjóra í kennslustundir (hefur mælst vel fyrir)
- Niðurstöður skólapúlssins (sambærilegt öðrum skólum)
- Skóladagatal næsta árs
- Spurningu um að foreldrafélagið kanni hug foreldra til vetrarfrís
- Læsis stefnuna (uppfæra í samræmi við menntastefnu Dalabyggðar)
- Skólareglur endurskoðaðar
- Bekkjastjórnun
- Hegðunarvæntingar PBIS

Spurning kemur upp um hvað Gæðaráð er? Það er í raun enginn sem er með það á hreinu hér á fundinum. Þökkum Dagný fyrir skýrsluna og Guðrún bendir á að ef erfitt er að fá grenndarfulltrúa í Skólaráð þá sé oft haft þriðja foreldrið. Dagný bendir á að samkvæmt lögum sé það einmitt svoleiðis.

Kosningar.

Kosning formanns til tveggja ára. Fjóla gefur kost á sér og er það samþykkt.

Kosningar um 2 meðstjórnendur til 2gja ára, Anna Pálína og Siggí Bjarni gefa kost á sér. Það er samþykkt og koma þau þá inn sem foreldrar leikskóla barna, þar með uppfylfum við það skilyrði.

Kosning varamanna til eins árs. Bergþóra og Sigurdís Elísa gáfu kost á sér, það er samþykkt.

Kosningar skoðunarmanna til eins árs. Vilhjálmur og Denni gefa áfram kost á sér, það er samþykkt.

Kosning áheyrnarfullrúa foreldra í fræðslunefnd til 2 ára. Jóhanna Lind gefur kost á sér, það er samþykkt.

Bekkjatenglar.

Umræða um að bekkjatenglar hafa ekki verið nógu virkir þetta skólaár. Stjórn foreldrafélags verður að vera ákveðnari við að velja bekkjatengla strax á skólasetningu, aðstoða þá og halda betur utan um þá. Upphæð 2000 kr á barn á önn eða 4000 kr á ári er samþykkt.

Önnur mál.

Dagný Lára er með erindi varðandi bekkjatengla sem snýr að því að virkja þá eins og við vorum að ræða um í síðasta lið.

Dagný er einnig með hugmynd um að koma mætti skipulagi á hverjir sjá um hvaða viðburði. T.d. að foreldrar barna í ákveðnum bekkjum mættu sjá um ákveðna viðburði eða s.s. fá það hlutverk að sjá um X viðburð.

Tóta bendir á að þetta hafi verið gert áður kannski ekki með alveg sama hætti en svipuðum með því að fá bekkjatengla til að taka meiri þátt í viðburðum með stjórninni.

Ragnheiður er með umræðu um jólaföndur, eigum við að vera með það áfram ? hvenær og með hvaða hætti ? Ekki var mikil aðsókn síðast svo það verður að kanna vilja foreldra til þess að halda því áfram. Umræða skapaðist og gott væri ef stjórn myndi hafa skoðanakönnun um hvaða tímasetningar henta best ef halda á jólaföndur.

Umræða um félagsgjald í foreldrafélagið. Á að taka það upp aftur ? Viljum við fara í fleiri fjáraflanir eða taka upp félagsgjöld ?

Tillaga kemur upp um að hafa valfrjálsa kröfu upp á 3500 kr á heimili og lagt til að krafan verði send út 1.október. Tillaga samþykkt.

Heiða spyr út í peninginn sem kemur inn fyrir t.d. Árshátíðina, hann rennur bara til elsta stigs en ekki á alla nemendur, samt taka allir nemendur þátt í henni og hafa yngri stigin ekki tækifæri til fjáröflunar líkt og elsta stig. Samtal sem þarf að taka upp innan skólans.

Anna Pálína spyr út í útisvæðið. Hér eru engin leiktæki eða neitt slíkt fyrir börnin ? Ragga talar um að það hafi verið lagt upp með það hjá Byggingarnefnd að þegar íþróttahúsið yrði tilbúið myndi vera farið í að skipuleggja skólalóðina og koma henni í lag. Guðrún talar um að hreystibrautin komi aftur, körfuboltakörfurnar ofl. Umræða skapast um að leikskólalóðin sé líka tómleg og ekki hægt að læsa eða loka kofunum sem dótið og hjólin séu geymd í. Rætt um að koma erindi til sveitastjórnar um aðbúnað skólalóðar jafnt og leikskólalóðar og að kalla eftir verklagslista frá þeim hvað er á döfinni varðandi þessi atriði. Siggi Bjarni talar um að til sé listi sem við ættum að biðja um að fá að skoða og kom með þá tillögu um að stjórn sendi erindi á sveitastjórn varðandi þetta. Tillaga samþykkt.

Dagný spyr hvað foreldrum finnist um að það sé tjaldsvæði ofan í skólanum. Miklar umræður sköpuðust og allir voru sammála um að það sé ótækt og ekki mjög æskilegt. Rætt um að það sé ónæði inn í skóla líka af túristunum. Aðalfundur beinir því til stjórnar að senda erindi á sveitastjórn varðandi áhyggjur foreldra um að tjaldsvæðið sé á skólalóð.

Jóhanna spyr hvernig það er varðandi tryggingar ef börn slasast á skólalóðinni á skólatíma sem eru ekki nemendur skólans þar sem stundum eru utanaðkomandi börn að leik á lóðinni á skólatíma.

Guðrún spyr hvað foreldrum finnist um að það sé vorhátíð fyrir hádegi og skólaslit seinni partinn. Niðurstaða umræðu er að það er ekki almenn ánægja með það.

Ekki var fleira rætt. Fundi slitið.